

Alþingi
Erindi nr. P 136/754
komudagur 16.1.2009

Samgöngunefnd
Alþingis
B/t Gauts Sturlusonar
Nefndarritara

Kópavogi, 15. jan. 2009

UMSÖGN

Vísa til bréfs yðar, dags. 11. desember 2008, þar sem óskað er umsagnar Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna (FÍA) um frumvarp til laga um loftferðir, 196. mál .

FÍA gerir ekki athugasemdir við þetta frumvarp að öðru leyti en eftirfarandi :

Í frv. segir :

4.gr.

.....
Ráðherra er heimilt að að setja í reglugerð nánari ákvæði um gagnagrunninn, þar á meðal um :

- g. skyldu til skráningar grunnupplýsinga um rannsóknir flugslysa og alvarlegra flugatvika sem tilkynningarskyld eru skv. 47.gr. í gagna-grunninn meðan á rannsókn stendur .*

Hér bendir FÍA á að nauðsynlegt er að í þessari reglugerð komi fram skilgreining á því , hvað í svonefndum grunnupplýsingum felist .

Í frv. segir :

14.gr.

.....

FÍA telur rétt að á eftir nýrri mgr. frv. á eftir 3.mgr. 78.gr. núgildandi laga um loftferðir komi ný grein, svohljóðandi :

Endanleg ákvörðun um að leyfa vopnaða verði um borð í loftfari sínu er í höndum flugstjóra .

Virðingarfyllst,
f.h. FÍA

Kjartan Norðdahl
Framkv.stj. FÍA